

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11.12.2020  
Tilvísun: 20201200045

## Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun – 322. mál, þskj. 362

Ríkisskattstjóri móttók þann 27. nóvember sl. tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint þingmál. Telur embættið tilefni til eftirfarandi ábendinga:

### I.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að stofnað verði einkahlutafélag, þ.e. félag með takmarkaðri ábyrgð. Rekstrarform þetta er almennt ætlað sem umgjörð um atvinnustarfsemi og af 3. og 8. gr. verður ekki annað ráðið en að félaginu sé m.a. ætlað að láta í té þjónustu gegn endurgjaldi.

Samkvæmt framan sögðu teldist félagið skattskyldt samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt. Sé það ætlunin að félagið verði undanþegið skattskyldu hvað varðar greiðslu tekjuskatts, þá er einkum um tvo valkosti að ræða.

- a) 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, en þar segir:  
*„Þeir lögáðilar sem um ræðir í 2. gr. og hér eiga heimili, ef þeir verja hagnaði sínum einungis til almannaheilla og hafa það að einasta markmiði samkvæmt samþykktum sínum.*  
(undirstrikað hér)
- b) Undanþágan frá skattskyldu er byggð á sérákvæði annað hvort í 4. gr. tilvitnaðra laga – sjá til hliðsjónar 8. tölul. 4. gr. – eða samkvæmt ákvæði í frumvarpi þessu.

Ekki verður annað ráðið en að félaginu sé ætlað að yfirtaka eignir við stofnun þess, hvort heldur tækjabúnað eða annað, og ástæða kann því að vera til að kveða á um stofnverð þeirra eigna við yfirtöku. Má í þessu samhengi benda á lög nr. 50/2005, um skattskyldu orkufyrirtækja.

### II.

Samkvæmt 3. tölul. b -liðs 11. gr. frumvarpsins, um breytingar á öðrum lögum, er ráðgert að stofna til sjóðs; Samkeppnissjóðs. Af því tilefni þykir mega benda á eftirfarandi:

Sjóður sem þessi telst almennt með aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. tsl., en jafnframt undanþeginn skattskyldu samkvæmt 1. tölul. 4. gr., en þar segir:

„Þessir aðilar greiða ekki tekjuskatt:

1. Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á svo og Fiskifélag Íslands.“

Þrátt fyrir ofangreinda undanþágu frá greiðslu tekjuskatts, þá eru þeir aðilar sem falla undir 1. tölul. 4. gr. skattskyldir af fjármagnstekjum sínum samkvæmt 4. mgr. 71. gr. tilvitnaðra laga en þar segir:

„Lögaðilar þeir, er undanþegnir eru skattskyldu skv. 1., 2., 4., 5., 6., 7. og 8. tölul. 4. gr., skulu þrátt fyrir það greiða tekjuskatt af fjármagnstekjum, sbr. 3., 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr., svo og skv. 8. tölul. sama staflíðar 7. gr., að því er varðar söluhagnað af hlutabréfum. Skal hann vera 22% af þeim stofni. Afdráttur skatts og innborgun hans samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skal vera fullnaðargreiðsla og koma í stað álagningar samkvæmt lögum þessum. Þó skulu þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur sem ekki er dregin af staðgreiðsla, skila greinargerð um vaxtatekjur til skattýfirvalda og standa skil á 22% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu. Þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og hafa aðrar fjármagnstekjur, skulu sömuleiðis standa skil á 22% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu. Við ákvörðun á stofnverði eigna sem félög, sbr. 4. tölul. 4. gr., eignast við gjöf skal við sölu miðað við að stofnverðið sé markaðsverð á yfirtökudegi félagsins á eigninni. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um skilagreinar og skil vegna þessarar málsgreinar.“

Jafnframt skulu framangreindir aðilar sæta afdrætti staðgreiðslu af vaxtatekjum og arði samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Í þessu sambandi þykir mega benda á að þrátt fyrir ákvæði um skattskyldu samkvæmt tilvitnaðri 4. mgr. 71. gr. tsl., þá er kveðið á um það í 1. tölul. 5. mgr. 71. gr. tilvitnaðra laga að nafngreindir aðilar, þ.m.t. sjóðir hvers konar séu undanþegnir ákvæði 4. mgr. um skattskyldu. Að sama skapi eru þeir sem falla undir 1. tölul. 5. gr. undanþegnir afdrætti staðgreiðslu, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir.

Virðingarfyllt,  
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson